

L. 66/1985

Alþingi

Erindi nr. B 120/1767

komudagur 29/4 1996

10. reka viðgerðar- og bókhandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess.

■ 5. gr. Eftirgreindir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá meiri hiuta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félag sem njóta verulega styrks af opinberu fé.

■ Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu og afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl sín þangað.

■ Safninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila.

■ 6. gr. Skilaskyld skjöl skal afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stýtt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

■ Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.

■ Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrir mælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.

■ Ný skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.

■ 7. gr. Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

■ 8. gr. Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá ljósrit skjala sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni þurfi þeir á þeim að halda við störf sín.

■ Heimilt er að lána skjöl til notkunar í lestrarsal [Landsbókasafns Íslands -- Háskólabókasafns]1) og í opinber skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavardar. Önnur útlán eru að jafnaði óheimil. Stofnanir, sem fá skjöl að láni, bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

1) L. 71/1994, 13. gr.

■ 9. gr. Um aðgang að skjölum, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, og notkun þeirra skal ákveðið í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum þjóðskjalavardar.

■ 10. gr. Mikilvægustu skjöl safnsins skulu vera til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

■ 11. gr. Þegar skjöl, sem að dómi þjóðskjalavardar hafa fræðilegt gildi en eru í eigu einkaaðila, eru flutt úr landi skal tilkynna það Þjóðskjalasafni og safnið hafa heimild til að semja um ljósritun þeirra eða afritun með öðrum hætti áður en farið er með skjölin úr landi.

■ 12. gr. Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað [sveitarstjórnunum]1) að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavardar. Heimilt er [sveitarstjórnunum]1) að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en [eitt sveitarfélag].1) Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórnarfar og rekstur og gera um það samning sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

1) L. 108/1988, 64. gr.

■ 13. gr. Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Sé endurtekinni viðvörðun ekki sinnt skal þjóðskjalavörður láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

■ 14. gr. Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppnefnda og hreppstjóra á safnsvæðinu. Þangað skulu einnig renna embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta verulega styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

■ Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafns gilda sömu reglur og um afhendingu til

588 2940

Til Páls Sveinssonar

Frá Ólafi Ásgerissyni Þjóðskjalaverði.

VARÐAR FRUMVARP TIL UPPLÝSINGALAGA

8. GREEN Takmarkalaus upplýsingaréttur að tilteknum tíma liðnum.

Ákvæði þessarar greinar eru staðfesting á starfsreglum sem hafa unnið sér langa hefð í Þjóðskjalasafni Íslands og að baki liggur vandlega ígrunduð ákvörðun. Skjöl sem til verða í opinberti stjórnsýslu og þjónustu eru mikilvægar menningarlegar heimildir um samfélag okkar á hverjum tíma. Nútímabjórðfélög telja sér skylt að varðveita menningararf sinn til framtíðar og því er vandlega gætt að því að gögnum sé ekki eytt nema að undangenginni rannsókn. Gildir einu þótt gögn þau sem varðveitt eru kunni að sýna og sanna neikvæða hlíð samfélagsins að dómi samtíðarmanna. Varðveislan er forsenda þess að komandi kynslóðir geti metið samfélag okkar tíma. Varðveisla gagna sem innihalda upplýsingar um einkahagi manna eða mikilvæg ríkismálefni er jafnnauðsynleg og varðveisla gagna sem öllum eru ætíð opin. Hefur reynslan sýnt að með því að tilgreina hæfilegan frest er unnt að komast hjá því að birting þeirra verði þeim, sem þau fjalla um, í óhag.

Gögn sem fjalla um heilsufar þjóðarinnar, rekja feril mikilvægs einstaklings í skóla o.s.frv. eru ótvírætt menningarverðmæti sem varðveita ber til framtíðar. Varðveisla gagna um ástand þjóðarinnar að loknum Móðuharðindum, manntalsgögn, gögn um ómaga og hugsanlegan flutning úr landi, skýra sögu þjóðarinnar á þessum tíma fyrir rúmum 200 árum, og koma niðurstöður ekki að ráði við kaunin á núlifandi fólki.

Ekki hefur hingað til í apríl 1996 verið fundið að þessari vinnuaðferð safnsins.

Kristjana Kristínisdóttur
fyrstæðumánu þjónustuvíðs þí
getu komið á fundum í
minn stað. S. 562 33 93.

Kveðja Ólaf

turministeren fastsætter nærmere regler om aflevering.

§ 16. Enhver offentlig myndighed, som har modtaget eller erhvervet arkivalier hidrørende fra tidligere eller eksisterende statslige myndigheder, skal underrette statens arkiver herom. Tilbydes myndighederne sådanne arkivalier, eller bliver de på anden måde bekendt med arkivaliernes eksistens, skal de ligeledes underrette statens arkiver herom.

Stk. 2. Statens arkiver kan bestemme, ar arkivalier, der omhandles i stk. 1, afleveres til statens arkiver.

§ 17. Private personer, virksomheder eller institutioner, som er i besiddelse af arkivalier hidrørende fra tidligere eller eksisterende statslige myndigheder, skal aflevere arkivalierne til statens arkiver.

§ 18. Hvis arkivalier tilhørende statens søges solgt på offentlig auktion, skal auktionslederen underrette statens arkiver herom.

§ 19. Statens ret til arkivalier kan ikke ophøre ved ekstinktion eller hævd.

Kapitel 5 Tilgængelighed

§ 20. Arkivenheder, der hidrører fra myndighederne, som som er afleveret til statens arkiver, er tilgængelige for enhver, når de er 30 år gamle, jf. dog § 21 og § 22.

§ 21. Den afleverende myndighed kan efter drøftelse med det modtagende arkiv fastsætte en længere tilgængelighedsfrist end 30 år for arkivenheder eller grupper

af arkivenheder, hvis dette er nødvendigt til beskyttelse af væsentlige hensyn til

- 1) statens sikkerhed eller rigets forsvar,
- 2) rigets udenrigspolitiske eller udenrigsøkonomiske interesser, herunder forholdet til fremmede magter eller mellemfolkelige institutioner,
- 3) beskyttelse af sigtede, vidner eller andre i sager om strafferetlig eller disciplinær forfølgning,
- 4) det offentliges økonomiske interesser, herunder udførelsen af det offentliges forretningsvirksomhed,
- 5) enkeltpersoners eller private selskabers økonomiske interesse i at beskytte oplysninger om tekniske indretninger eller fremgangsmåder eller om drifts- eller forretningsforhold eller lignende eller
- 6) private og offentlige interesser, hvor hemmeligholdelse efter forholdets særlige karakter er påkrævet.

§ 22. Tilgængelighedsfristen er 80 år for arkivenheder eller grupper af arkivenheder, der

- 1) indeholder oplysninger om enkeltpersoners private, herunder økonomiske, forhold,
- 2) vedrører registre, der er omfattet af lov om offentlige myndigheders registre,
- 3) omfatter sager inden for strafferetsplejen,
- 4) omfatter myndigheders brevveksling med sagkyndige til brug i retssager eller ved overvejelse af, om retssag bør føres, eller
- 5) omfatter materiale, der tilvejebringes som grundlag for Danmarks Statistiks udarbejdelse af offentlig statistik.

Stk. 2. Den afleverende myndighed kan, hvor forholdene taler herfor, efter drøftelse med det modtagende arkiv

Frumvarp til upplýsingalaga

2. mgr. 8. gr. frumvarpsins orðist svo:

Veita skal aðgang að öðrum gögnum sem 4.-6. gr. taka til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því gögn urðu til, að frátöldum upplýsingum er varða einkamálefni einstaklinga en aðgang að þeim skal fyrst veita að áttatíu árum liðnum frá því þau urðu til. [Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er þó heimilt að veita aðgang að sjúkraskráum til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Nefndin bindur slíkt leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.]

Hægt er að sækja Word Perfect útgáfu af skjalinu, sjá upplýsingar um uppsetningu á Netscape fyrir Word Perfect skjöl.

1995-96. - 1065 ár frá stofnun Alþingis.

120. löggjafarþing. - 388. mál.

683. Frumvarp til laga

um réttindi sjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1919-96.)

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna.

Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Skilgreiningar.

2. gr.

Sjúklingur: Notandi heilbrigðisþjónustu, heilbrigður eða sjúkur.

Heilbrigðisstarfsmaður: Einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til slíkra starfa.

Meðferð: Rannsókn, aðgerð eða önnur þjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

Visindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar.

Gæði heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Tryggja skal sjúklingum sem sambærilegasta heilbrigðisþjónustu.

Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita innan þess fjárhagsramma sem heilbrigðisþjónustunni er sniðinn á hverjum tíma.

Sjúklingur á rétt á meðferð og aðbúnaði sem miðast við ástand hans, aldur og horfur á hverjum tíma og bestu þekkingu sem völ er á. Þjónusta við sjúkling skal einkennast af traustu sambandi milli hans og heilbrigðisstarfsmanns.

Sjúklingur á rétt á samfelldri meðferð og að samstarf ríki milli allra heilbrigðisstarfsmanna og

Undanþágur frá þagnarskyldu.

13. gr.

Þagnarskylda skv. 12. gr. nær ekki til atvika sem starfsmanni í heilbrigðisþjónustu berað tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. ákvæðum barnaverndarlaga. Í þeim tilvikum ber starfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld. Samþykki sjúklings eða forráðamanns leysir starfsmann undan þagnarskyldu. Um vitnaskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu gilda ákvæði læknalaga.

IV. KAFLI

Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.

Aðgangur að sjúkraskrá.

14. gr.

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna sem hana færa á eigin starfsstofum.

Skylt er lækni og öðrum sem færa sjúkraskrá að sýna hana sjúklingi eða umboðsmanni, í heild eða að hluta, og afhenda þessum aðilum ljósrit skrárinnar sé þess óskað. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt fjalla um athugasemdir eða kvartanir sjúklings eða umboðsmanns vegna meðferðar. Ákvæði þetta nær til allra sjúkraskráa án tillits til þess hvenær þær voru færðar.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Um aðgang að sjúkraskrá gilda að öðru leyti ákvæði læknalaga eftir því sem við á.

15. gr.

Þess skal gætt við aðgang að sjúkraskrá að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál.

Nú krefst framkvæmd vísindarannsóknar aðgangs að sjúkraskrá og er þá þeim sem að rannsókn standa heimill aðgangur að skránum, enda uppfylli rannsóknin skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2 gr.

Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og ákvæða 1. mgr. gætt.

Athugasemdir við upplýsingar í sjúkraskrá.

16. gr.

Nú telur sjúklingur eða forráðamaður hans að upplýsingar í sjúkraskrá séu rangar eða villandi og skulu þá athugasemdir hans lagðar með skránni.

V. KAFLI

Meðferð.

Virðing fyrir mannhelgi sjúklings.

17. gr.

Heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfs síns vegna hafa samskipti við sjúkling skulu koma fram

Verði frumvarp til laga um réttindi skjúklinga að lögum þarf að breyta 4. mgr. 9. gr. frumvarps til upplýsingalaga svo:

Um aðgang sjúklings að sjúkraskrá fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

Til umhugsunar að öðru leyti um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga:

- 1) Í 2. mgr. 15. gr. kemur ekki fram hvaða stjórnvald sé bært til þess að meta hvort rannsókn uppfylli skilyrði vísindarannsókna skv. 4. mgr. 2. gr. Þá er ekki heimild til þess að setja þeim, sem fá leyfi til aðgangs að sjúkraskrá, skilyrði fyrir slíku leyfi, s.s. að niðurstöður verði ekki birtar eftir nafni sjúklinga eða með þeim hætti að hægt sé að þekkja sjúklinga af niðurstöðum o.s.frv.
- 2) Spurning er, hvort ekki sé rétt að taka í IV. kafla frumvarpsins allar þær reglur sem gilda um aðgang að sjúkraskrá. Í 7. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga er ákvæði um aðgang lækna að sjúkraskrá, sem þeir hafa ekki fært sjálfir. Á þetta ákvæði ekki heima í þessu frumvarpi? Mönnum sést almennt yfir þetta ákvæði, enda vafasamt að það eigi nú að réttu heima í lögum nr. 121/1989. Það er þarna af sögulegum ástæðum. Þá er jafnframt rétt að benda á, að hvorki í frumvarpinu né 7. gr. laga nr. 121/1989 er því svarað hvaða heilbrigðisstéttir (fyrir utan lækna) megi eða eigi að hafa aðgang að sjúkraskrá! Í þessu sambandi er rétt að minna á, að í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 227/1991 eru það ekki bara læknafræðingar sem fara upplýsingar í sjúkraskrá heldur einnig t.d. hjúkrunarfræðingar og ljósmæður.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá samtengingarbanni 1. mgr. ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem fram koma í 2. – 4. mgr. 5. gr., um heimild tölvunefndar til að veita aðgang að skráðum upplýsingum. Skal þá ótvírætt að þeir hagsmunir, sem ætlunin er að vernda með samtengingunni, vegi þyngra en tillitið til hagsmuna hinna skráðu. Tölvunefnd getur bundið heimild til samtengingar nánari skilyrðum, þar með talið skilyrðum um það hvernig upplýsingarnar verði notaðar og að skýra beri hinum skráða frá því að samtenging kunni að fara fram.

7. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, er hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskráum varðandi hinn skráða. Þá er og heimilt, þegar læknir á í hlut, að veita upplýsingar um aðra menn, einkum vandamenn hins skráða, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á hinum skráða manni.

8. gr.

Nú sýnir tiltekinn aðili fram á að honum sé þörf á ákveðnum skráðum upplýsingum, er falla undir ákvæði laga þessara, vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja og getur tölvunefnd þá heimilað að þeim er slíka hagsmuni hefur verði látnar upplýsingarnar í té, enda sé þá ótvírætt að þörfin á því að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að upplýsingunum verði haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum.

IV. kafli.

Um rétt skráðra aðila.

9. gr.

Telji aðili að persónuupplýsingar um hann séu færðar í tiltekna skrá getur hann óskað þess við skrárhaldara að honum sé skýrt frá því sem þar er skráð. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almanna-hagsmunum eða einkahagsmunum, þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra, skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

10. gr.

Um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni hans, fer eftir ákvæðum læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988.

11. gr.

Ákvæði 9. gr. taka ekki til skrár eða skráningar sem einvörðungu er stofnað til í þágu tölfraeðilegra útdrátta. Tölvunefnd getur einnig ákveðið að aðrar skrár séu

9. gr.

Manneldisráð getur sett á stofn vinnuhópa, sem annast sérstök verkefni á vegum ráðsins.

10. gr.

Manneldisráð fylgist með þróun mannelðismála með kaupum á tímaritum og bókum og sendir fulltrúa á fundi og ráðstefnur um mannelðismál í samráði við heilbrigðisráðuneytið.

11. gr.

Manneldisráð gerir fyrir hvert almanaksár áætlun um kostnað við starfsemi sína og skal ráðinu tryggt nægilegt fé af fjárlögum til starfsemi sinnar.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með stöð í 6. gr. laga nr. 45 11. maí 1978 um mannelðisráð öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál.

I. KAFLI SJÚKRASKRÁR. Skilgreiningar.

1. gr.

Sjúkraskrá (heilsufarsskrá, sbr. 64. gr. reglugerðar nr. 160/1982 fyrir heilsugæslustöðvar, sjúkraáll skv. 7. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga) er safn sjúkragagna sem unnin eru eða fengin annars staðar frá vegna meðferðar einstaklinga hjá lækni eða í heilbrigðisstofnun.

Sjúkragögn í sjúkraskrá geta verið lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit eða upptaka sem numin hefur verið með hjálp tæknibúnaðar. Gögnin innihalda upplýsingar um heilsufar og aðra einkahagi viðkomandi einstaklinga og tímasettar upplýsingar um það sem gerist eða gert er meðan einstaklingurinn er í meðferð hjá lækni eða í heilbrigðisstofnun.

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða lækni sem hana færir.

Skylda til færslu sjúkraskrár.

2. gr.

Allir læknar sem taka einstaklinga til greiningar og meðferðar skulu halda sjúkraskrá um hvern einstakling. Í heilsugæslustöð og öðrum sjúkrastofnunum ber yfirlæknir ábyrgð á að svo sé gert.

Í sjúkraskrá skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram eftir því sem við á:

1. Nafn, heimilisfang og símanúmer, kennitala, starfsheiti, hjúskaparstaða, heilsugæslu-læknir (heimilislæknir), innlagnarlæknir, nánasti vandamaður.
2. Komu- eða innlagnardagur og ástæða komu eða innlagnar.
3. Heilsufars- og sjúkrasaga, þar með taldar upplýsingar um mataræði, lyfjanotkun, lyfjaofnæmi, notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.
4. Fjölskylduhagir og félagslegar aðstæður.
5. Læknisskoðun.
6. Upphafsgreining, rannsóknáætlun og meðferðaráform, bæði lyflæknis- og handlæknis-meðferð. Ef um lyfjameðferð er að ræða með lyfseðilsskyldum lyfjum skal skrá heiti lyfs, styrkleika og magn ásamt fyrirmælum.
7. Vísun til annars læknis.
8. Niðurstöður rannsókna og umsagnir ráðgefandi sérfræðinga.
9. Meðferðar- og aðgerðarlýsingar.
10. Lýsingar á gangi sjúkdóms, dagálar.
11. Útskriftardagur, ástand sjúklings og sjúkdómsgreining við útskrift.
12. Afdrif og framhaldsmeðferð.
13. Læknabréf.

3. gr.

Sjúkraskrá skal að jafnaði rita samdægurs þannig að sjúkrasaga og skoðun liggi fyrir innan tuttugu og fjögurra (24) klukkustunda frá komu sjúklings eða innlögn.

Læknar, læknakandidatar og læknanemar afla upplýsinga um heilsufar og veikindi sjúklings, skoða hann og skrá niðurstöður.

4. gr.

Allar færslur og upplýsingar í sjúkraskrá skulu áritaðar af lækni til merkis um að gögn séu yfirfarin.

Öllum aðgerðum og rannsóknum skal lýst samdægurs og grein gerð fyrir ábendingum þeirra.

Skráning upplýsinga í sjúkraskrá.

5. gr.

Sjúkraskrá skal haga þannig að gögn séu aðgengileg og á læsilegu og skýru íslensku máli séu þau rituð. Ætíð skal koma fram hver færir upplýsingar í sjúkraskrá (nafn og staða).

Læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður færa í sjúkraskrá nauðsynlegar upplýsingar um ástand sjúklings og meðferð jafnóðum og þær liggja fyrir. Ennfremur færa aðrar heilbrigðisstéttir, sem vinna að greiningu og meðferð, upplýsingar í sjúkraskrá um samskipti sín við sjúkling. Hver og einn er ábyrgur fyrir því sem hann skráir í sjúkraskrá.

Þurfi að leiðrétta eða breyta sjúkraskrá skal það gert með þeim hætti að eldri texti verði eftir sem áður læsilegur. Ætíð skal taka fram hver leiðréttir eða breytir og hvenær.

Sjúkraskrá er heimilt að tölvufæra enda sé við tölvufærsluna þess gætt að um er að ræða upplýsingar um einkahagi sjúklings sem ekki eru ætlaðar almenningi til skoðunar.

Læknabréf.

6. gr.

Læknabréf vegna dvalar og meðferðar á sjúkrastofnun skal skrifa strax við útskrift og eigi síðar en endanlegar rannsóknaniðurstöður liggja fyrir. Læknabréf þessi skulu send heilsu-

gæslu- eða heimilislækni sjúklings og innlagningarlækni. se hann annar. Ef sjúklingur er fluttur á aðra stofnun skal læknaþréf einnig sent þangað.

Sérfræðingur sem hefur haft sjúkling til greiningar eða meðferðar skal ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings og ef við á til þess sérfræðings sem hafði milligöngu um komuna. Læknaþréf þessi skulu send strax að lokinni greiningu og meðferð sérfræðings.

Læknir, sem vísar sjúklingi annað til meðferðar skal gera það með læknaþréfi.

Sjúklingi skal senda afrit læknaþréfs, hafi hann óskað þess.

Óski sjúklingur þess að öðrum lækni verði ekki sendar upplýsingar sér viðkomandi ber lækni að verða við þeirri ósk enda hafi hann gert sjúklingi grein fyrir hugsanlegum afleiðingum þess. Slíkrar beiðni skal getið í sjúkraskrá og undirrituð af sjúklingi eða forráðamanni.

7. gr.

Í læknaþréfi skal eftirfarandi koma fram eftir því sem við getur átt:

1. Ástæða fyrir komu eða innlögn ásamt dagsetningu.
2. Ágrip af sjúkrasögu.
3. Helstu atriði sem fram komu við læknisskoðun.
4. Niðurstöður helstu rannsókna.
5. Álit eða fyrirspurn tilvísandi læknis.
6. Álit ráðgefandi sérfræðinga.
7. Meðferð.
8. Sjúkdómsgreining við útskrift ásamt dagsetningu.
9. Ráðleggingar eða áform um framhaldsmeðferð.

Læknaþréf skal undirritað af þeim lækni sem annaðist sjúklinginn.

Varðveisla sjúkraskráa.

8. gr.

Sjúkraskrá skal geyma á tryggum stað og þess gætt að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa eigi aðgang að skránni. Við alla meðferð sjúkraskráa skal það haft í huga að þær hafa að geyma upplýsingar um einkahagi sjúklings sem ekki eru ætlaðar almenningi til skoðunar. Við sendingu sjúkraskráa skal búa svo um sendinguna að óviðkomandi komist ekki í gögnin.

9. gr.

Yfirlæknir á deild eða ódeildarskiptri heilbrigðisstofnun ber ábyrgð á vörslu og meðferð sjúkraskráa meðan sjúklingur dvelur þar. Forstöðumenn bera ábyrgð á skjalavörslu sjúkrastofnana.

Læknar, sem starfa á eigin vegum bera ábyrgð á vörslu og meðferð sjúkraskráa vegna starfa sinna.

10. gr.

Við útskrift sjúklings af heilbrigðisstofnun skal flytja öll rituð sjúkragögn saman í eina sjúkraskrá og varðveita þau þannig í skjalasafni stofnunarinnar.

Nú flytur einstaklingur milli starfssvæða heilsugæslustöðva og skal þá heilsugæslustöð svæðisins sem hann flytur af senda heilsufarsskrá viðkomandi til heilsugæslustöðvar starfssvæðisins sem hann flytur til, sbr. þó ákvæði laga 97/1990 um heilbrigðisþjónustu um heimild einstaklinga til að sækja heilsugæsluþjónustu á annað starfssvæði en það sem þeir búa á.

11. gr.

Sjúkraskrár hlíta almennum reglum Þjóðskjalasafns Íslands um afhendingu skjala, flokkun og frágang, sbr. lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

Röntgenmyndir skal geyma í 10 ár. Frumrit lýsingar á röntgenrannsókn teist hluti sjúkraskrár og skal varðveita eftir sömu reglum og um þær gilda.

12. gr.

Ef sjúkrastofnun eða heilsugæslustöð hættir starfsemi skulu sjúkraskrár og sjúkragögn afhent Þjóðskjalasafni Íslands.

Ef einkastofa lækni hættir starfsemi skulu sjúkraskrár og sjúkragögn afhent landlækni sem ráðstafar þeim í samráði við þjóðskjalavörð.

Meðferð upplýsinga úr sjúkraskrá og afhending.

13. gr.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kvörtun eða kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar.

Upplýsingar í sjúkraskrá sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsfólki skal ekki sýna nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Í hvert sinn sem afrit sjúkraskrár er afhent með þessum hætti skal það skráð á sjúkraskrána þannig að fram komi dagsetning og nafn þess sem fékk afritið.

Lækni ber að vera til aðstoðar við lestur sjúkraskrár til að skýra það sem kann að reynast torskilið.

14. gr.

Nú telur lækni að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda afrit sjúkraskrár og skal lækni þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlækni skal, innan átta vikna frá því hann fær slíkt afrit frá lækni, ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar. Landlækni getur ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans verði afhent afritið eða að sjúklingi eða umboðsmanni hans verði gefnar munnlegar upplýsingar um innihald sjúkraskrárinnar.

Nú synjar landlækni um afhendingu afrits sjúkraskrár eða um upplýsingar um innihald sjúkraskrárinnar og skal synjunin rökstudd. Synjun landlækni má skjóta til úrskurðar heilbrigðisráðherra.

15. gr.

Nú hefur yfirlækni og/eða lækna ráð viðkomandi heilbrigðisstofnunar samþykkt rannsókn sem krefst aðgangs að sjúkraskrá og er þá þeim, sem að rannsókn standa heimill aðgangur að skránum. Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð í þessu skyni skal það í hana skráð.

16. gr.

Um aðgang að sjúkraskrá vegna athugunar Ríkisendurskoðunar á reikningsskilum fer eftir ákvæðum 7. gr. laga 12/1986 um Ríkisendurskoðun eins og því var breytt með lögum 35/1988. Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð í þessu skyni skal það í hana skráð.

II. KAFLI

SKÝRSLUGERÐ VARÐANDI HEILBRIGÐISMÁL.

17. gr.

Heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn, sem starfa á eigin vegum skulu gera þær skýrslur sem af þeim er krafist samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum þar að lútandi.

sem ráðherra setur. Skulu þessir aðilar senda landlækni skýrslurnar og hlutaðeigandi héraðslækni nema öðru vísi sé fyrir mælt.

Sé eftir því leitað skulu upplýsingar samkvæmt þessum kafla sendar landlækni á véltæku formi. sé þeirra vöð.

18. gr.

Stjórnendur heilsugæslustöðva skulu gera skýrslur um starfsemi stofnana sinna samkvæmt sérstökum eyðublöðum sem landlæknir lætur gera. sjá viðauka 1 og 2.

19. gr.

Stjórnendur sjúkrahúsa og annarra sjúkrastofnana sem taka fólk til meðferðar og dvalar skulu gera skýrslur um starfsemi stofnana sinna samkvæmt eyðublöðum sem landlæknir lætur gera, sjá viðauka 3 og 4.

Sé eftir því leitað skulu forstöðumenn sjúkrahúsa og annarra sjúkrastofnana gefa skýrslu um fjölda sjúklinga, dvalartíma þeirra, sjúkdómsgreiningar og aðgerðarnúmer.

20. gr.

Heimilislæknar og sérfræðingar sem starfa sjálfstætt skulu skila árlegri skýrslu um starfsemi sína, þar sem fram komi auglýstur viðtalstími á stofu, fjöldi viðtala og fjöldi sjúklinga.

21. gr.

Sé eftir því leitað skulu sérfræðingar, sem gera aðgerðir á stofum skila skýrslu um sjúkdómsgreiningar, aðgerðarnúmer og tegund svæfingar eða deyfingar.

22. gr.

Skýrslum samkvæmt 17. – 21. gr. skal eftir því sem við á skilað fyrir febrúarlök ár hvert. Þar sem héraðslæknar starfa í fullu starfi skal skila skýrslum til viðkomandi héraðslæknis en í öðrum héraðum til landlæknis.

23. gr.

Skýrslugerð vegna sóttvarna skal gerð í samræmi við reglur þar að lútandi.

24. gr.

Læknar sem taka sjúklinga til meðferðar skulu jafnóðum skila tilkynningum um atvinnusjúkdóma og aukaverkanir lyfja til viðkomandi héraðslæknis á þar til gerðum eyðublöðum sem landlæknir lætur gera.

25. gr.

Fyrsti kafli reglugerðar þessarar er settur með stoð í læknaögum nr. 53/1988 með síðari breytingu, sbr. 16. og 18. gr. Annar kafli reglugerðarinnar er settur með stoð í læknaögum nr. 53/1988 með síðari breytingu, sbr. 18. gr. og lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 34/1964 um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.